

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 21. maí var haldinn 427. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:36. Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Kristín Thoroddsen Hafnarfirði tók sæti á fundinum með rafrænum hætti. Jafnframt: Steinpór Einarsson, Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð. Andrés B Andreassen tók sæti á fundinum með rafrænum hætti.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 6. mars 2025 þar sem fram kemur að Sara Björg Sigurðardóttir taki sæti í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í stað Þorvalds Daníelssonar. Jafnframt að Kristinn Jón Ólafsson taki sæti varamanns í stað Unnar Þ. Benediktsdóttur.
2. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 19. maí 2025 um stöðuna í fjöllumum tímabilið des. 2024 til 14. apríl 2025, en opið var í 36 daga. 78.166 gestir komu í lyftur og 2.079 gestir á gönguskíðasvæði. Tjón vegna eldinga var 23.4 mkr. Mikil aðsókn var yfir jól og áramót, þökk sé snjóframleiðslukerfinu. Mikil aukning var í rútur á tímabilinu.

Lögð fram drög að rekstraruppgjöri skíðasvæðanna janúar – apríl 2025.

- kl. 07:44 tekur Bjarni Theódór Bjarnarson sæti á fundinum.
- kl. 08:19 víkur Steinpór Einarsson af fundi.

3. Lögð fram fjárfestingaráætlun fyrir árið 2025.
4. Fulltrúi Mosfellsbæjar óskaði eftir umræðum um framkvæmdir í Skálafelli.

Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 21. febrúar 2025 varðandi mögulegar sviðsmyndir í Skálafelli.

Fulltrúi Mosfellsbæjar lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið hagsmunamál fyrir íbúa Mosfellsbæjar að framkvæmdir á skíðasvæðinu í Skálafelli geti hafist sem fyrst. Uppbygging í Skálafelli var ein helsta forsenda þess að Mosfellsbær tók þátt í uppbyggingarsamningnum fyrir skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu á sínum tíma. Ástæður fyrir frestun framkvæmda hafa verið hækkandi kostnaður og krefjandi árferði hjá sveitarfélögunum, en núna er tímabært að verkefninu verði ýtt úr vör og samningurinn þar með efndur.

5. Fram fara umræður um hugmyndir af tekjuöflun fyrir skíðasvæðin.

### Fundi slitið kl. 09:10.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson  
Bjarni Theódór Bjarnason  
Kristín Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson  
Sævar Birgisson